

(A. XXIII, 1).

Nd.

40. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita þá undanþágu frá ákvæðum laga nr.

47, 3. nóvember 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907, að flytja megi út hross til sölu á erlendum markaði í nóvember- og desembermánuði 1923.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

heilmild fyrir ríkisstjórnina til að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

GJÖRUM KUNNUGT: Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að allgóður markaður fáist nú erlendis fyrir íslensk hross, en hinsvegar allmikið til af útflutningshrossum í landinu, sem landsmönnum mundi hagar í að losna við, í stað þess að biða með sölu þeirra til næsta árs og eiga á hættu að markaðurinn spillist, enda mundi gott að losna við hrossin af fóðrum, þar sem heyskapartíð hefir verið mjög vond síðastliðið sumar á Norður- og Austurlandi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita þá undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907, að flytja megi út hross til sölu á erlendum markaði í nóvember- og desembermánuði 1923.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

Gefið á Amaliuborg, 21. nóvember 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Kl. Jónsson.